Jafnréttisstarf

HANDBÓK FYRIR LEIKSKÓLA

Jafnréttisskóli Reykjavíkur
2023

Það skiptir miklu máli að byrjað sé strax í leikskóla að undirbúa börn undir farsælt líf í fjölbreyttu samfélagi.

Gæta skal þess að í leikskólum sé skapað umhverfi þar sem öll börn og allir forsjáraðilar upplifa sig bæði velkomin og örugg.

EFNISYFIRLIT

Lög og stefnur 02
Markmið jafnréttismenntunar 03
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 04
Hlutverk leikskóla 05
Breytingar á aðalnámskrá 05
Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar 06
Hugtök og orðskýringar 07
Félagsmótun og staðalmyndir 10
Gagnrýnin hugsun 11
Staðalmyndir í barnabókum 12
Að brjóta upp staðalmyndir 13
Er ég strákur eða stelpa? 15
Trans börn 17
Regnbogavottun 18
Kynjajafnrétti 19
Leikskóli margbreytileikans 20
Samkennd og vinátta 21
Vinátta þvert á tungumál og menningarbakgrunn 22
Fjölbreyttir húðlitir 23
Blómið og kaktusinn 24
Heimurinn er hér 25
Jafnrétti í íslenskri málstefnu 27
Lesið í leik 28
Barnamenning (táknmynd) 29
Við erum öll einstök 30
Réttindi og forréttindi 31
Gefðu 10 32
Foreldrasamstarf 33
Ofbeldi 34
Heimildir 36

Lög og stefnur

Í **lögum um leikskóla nr. 90/2008** er fjallað um markmið leikskólastarfs í 2. gr. laganna. Þar segir að hagur og velferð barna skuli vera leiðarljós í öllu starfi. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af m.a. umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð og umhyggju. Markmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru til dæmis að efla alhliða þroska barna og hlúa að þeim andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins.

Menntastefna Reykjavíkurborgar setur það meginmarkmið að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm; *félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði*.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar byggir á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda. Allar stofnanir borgarinnar vinna markvisst og skipulega að því að móta og byggja upp þjónustu í þágu jafnréttis og margbreytilegs samfélags.

Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 kveða á um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt og miða að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Einnig er lögunum ætlað að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi.

Í **lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020** er kveðið á um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalmyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Markmið laganna er að allt fólk eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í **lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018** er kveðið á um að í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers kyns mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna óheimil. Skylt er að gæta þess í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Markmið laganna er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Markmið jafnréttismenntunar

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum börnum jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgðarfullu lífi í frjálsu og réttlátu samfélagi. Í slíku samfélagi ríkir andi skilnings, friðar, víðsýnis, umburðarlyndis og virðingar fyrir jafnrétti. Í leikskólastarfi eiga börn að taka virkan þátt í að móta umhverfi þar sem jafnrétti og réttlæti eru í fyrirrúmi.

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna sýn á viðteknar hugmyndir og venjur í samfélaginu og stofnunum þess. Með henni er börnum leiðbeint í að þekkja og skilja þær aðstæður sem geta leitt til mismununar annars vegar og forréttinda hins vegar.

Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til fjölbreyttra þátta í lífi fólks. Þeir þættir sem geta haft áhrif á stöðu einstaklinga í samfélaginu eru meðal annars: **aldur, búseta, kyn, kynhneigð, kyntjáning, kynvitund, litarháttur, lífsskoðanir, líkamlegt atgervi, menning, stétt, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, trúleysi, tungumál, uppruni, ætterni og þjóðerni.**

Á öllum skólastigum, þar með talið í leikskóla, skal unnið markvisst með jafnréttismenntun. Þar ber að fjalla um hvernig ofangreindir þættir geta skapað ólíka stöðu einstaklinga í samfélaginu – hvort sem það er í formi forréttinda eða hindrana.

Eitt af meginviðfangsefnum jafnréttismenntunar er að styðja við þróun Íslands sem fjölmenningarsamfélags. Þá er jafnframt lögð áhersla á félagslegan skilning á fötlun, þar sem litið er á að áskoranir fólks með fötlun séu ekki eingöngu bundnar við skerðingar einstaklingsins heldur einnig við umhverfi og samfélagsgerð.

Leikskólastarf skal byggjast á velferð allra barna og þeirri sýn að öllum sé mætt á eigin forsendum. Umhverfið á að styðja við fjölbreytileika og tryggja að öll börn njóti virðingar, séu örugg og fái jöfn tækifæri til þátttöku í leik og námi.

Markmið jafnréttismenntunar

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Hann staðfestir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum.

2

ÖLL BÖRN ERU JÖFN

Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

6

LÍF OG ÞROSKI

Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það.

Það er ekki nóg að þekkja réttindi barna. Fögnum þeim og gerum þau að veruleika!

www.barnasattmali.is

Hlutverk leikskóla

Samkvæmt **aðalnámskrá leikskóla** eru grunnþættir menntunar:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Þessir grunnþættir eiga að endurspeglast í öllu starfi leikskólans, bæði í daglegum starfsháttum, samskiptum og skólabrag.

Leikskólastarf á að einkennast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Markmið aðalnámskrár er að efla þekkingu, leikni og viðhorf barna með markvissum hætti, svo þau geti í framtíðinni orðið gagnrýnin, virk og hæf til þátttöku í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Í leikskólanum á að ríkja virðing fyrir fjölbreytileika mannlífsins og ólíkum menningarheimum. Öll börn eiga að njóta virðingar og leitast skal við að koma til móts við þarfir þeirra allra.

Leikskólinn er vettvangur sem styður við lýðræðislegt samfélag, þar sem jafnrétti, fjölbreytileiki, samábyrgð, samstaða og virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum eru höfð að leiðarljósi. Því ber leikskólanum að tryggja börnum jöfn tækifæri til náms og þátttöku, óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, tungu, trú, ætterni, fötlun, félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum – jafnt sem stöðu eða athöfnum foreldra þeirra.

Breytingar á aðalnámskrá

Breytingar á aðalnámskrá leikskóla (1. sept. 2023) skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megi með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra. Hér verða listaðar þær breytingar sem snúa að jafnréttisstarfi:

Leikskólakennarinn skal:

- greina og bregðast við valdaójafnvægi og stöðu barns í leik með öðrum börnum
- greina og bregðast við kynjun og fjölmenningu í leik barna
- bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í daglegu starfi
- stuðla að góðum leikskilyrðum þar sem vinátta barna og menning þeirra fær notið sín
- styðja við tjáningu barna á tilfinningum sínum og líðan
- sýna jákvæðni gagnvart fjölbreytileika og því að hver og einn á rétt á hlutdeild í leikskólasamfélaginu á eigin forsendum

Mannréttindastefnan

Samkvæmt Mannréttindastefnu Reykjavíkur er það hlutverk leikskóla sem þjónustuveitanda að hafa mannréttindi allra að leiðarljósi í öllu starfi.

Samkvæmt stefnunni á starfsfólk ekki að ganga út frá því vísu að öll sem njóta þjónustu borgarinnar séu gagnkynhneigð, sís-kynja eða eigi gagnkynhneigða eða sís-kynja foreldra. Starfsfólk gengur heldur ekki út frá því að öll eigi tvo foreldra þar sem sum börn eiga eitt foreldri og önnur fleiri en tvo foreldra. Margs konar fjölskyldugerðir á því að ræða á opinskáan og fordómalausan hátt og er það hlutverk leikskóla að gera fjölbreytileika mannlífsins sýnilegan í daglegu starfi.

Þá segir einnig að allt uppeldisstarf á vegum borgarinnar eigi að taka mið af þörfum barna af erlendum uppruna og veita þeim sérstakan stuðning og íslenskukennslu til þess að þau njóti sömu tækifæra og önnur börn. Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins á að endurspeglast í daglegu starfi með börnum og þau eiga að fá tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu og kynna heimamenningu sína.

Starfsfólk leikskóla á því að skapa umhverfi sem er laust við hlutdrægni í garð einstaklinga vegna **uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis** eða annarrar stöðu. Að sama skapi er það á ábyrgð starfsfólks að vera meðvitað og bregðast við ef fordómar koma upp innan leikskólans.

Samskipti starfsfólks og þeirra sem njóta þjónustu eiga að byggja á gagnkvæmri virðingu.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Hugtök og orðskýringar

Til að hægt sé að vinna með jafnrétti í leikskólum, þ.e. kynjajafnrétti eða annars konar jafnrétti, verðum við að þekkja helstu orð og hugtök sem notuð eru í því samhengi.

Í íslensku nútímasamfélagi þar sem fjölbreytileikanum er í flestum tilfellum tekið fagnandi er mikilvægt að nota kynjafræðilegt sjónarhorn til þess að skoða stöðu og aðstæður fjölbreyttra hópa.

Kynverund
Vísar til heildarupplifunar af því að vera kynvera og er stór hluti af sjálfsmynd hverrar manneskju. Kynverund er samspil kyns, kyngervis, kyneinkenna, kynhneigðar og kynvitundar.

Kyngervi
Hið félagslega mótaða kyn en ekki hið líffræðilega kyn. Þessi mótun tekur til þeirra væntinga sem samfélagið gerir til kynjanna og t.d. hvaða áhugamál, verksvið eða klæðaburður er talinn við hæfi.

Kynjatvíhyggja
Sú hugmynd að það séu bara til tvö kyn, þau séu andstaða hvors annars og bæti hvort annað upp. Kynjatvíhyggjan gerir ráð fyrir að karlar/karlmennska sé yfirskipuð konum/kvenleika og að karlar séu því virðingarverðari og verðugri en konur.

Kynjakerfið
Vísar til ríkjandi hugmynda um kyn, kyngervi og kynhneigð og er notað til að greina hvernig mismunun á grundvelli þeirra virkar í samfélaginu. Kynjakerfið byggir á kynjatvíhyggju og gerir ráð fyrir að fólk sé sís og gagnkynhneigt.

Kynhlutverk
Segir til um hvernig þú átt að hegða þér í samræmi við ríkjandi hugmyndir um kynin. Kynhlutverk eru félagslega lærð en ekki meðfædd.

Sís/sískynja
Lýsingarorð og forskeyti sem er notað yfir fólk sem upplifir sig tilheyra því kyni sem því var úthlutað við fæðingu.

Hinsegin
Orðið hinsegin er regnhlífarhugtak yfir allt það fólk sem er ekki gagnkynhneigt og/eða fellur ekki inn í það sem telst hefðbundin kyn eða kynhlutverk.

Trans
Regnhlífarheiti yfir fólk sem er með kynvitund sem samræmis ekki því kyni sem því var úthlutað við fæðingu. T.d. er trans karl manneskja sem var áður álitin stelpa/kona en lifir í dag sem karl.

Trans börn
Vegna opnari umræðu um trans málefni er trans fólk sífellt yngra þegar það getur tjáð sig um kynvitund sína. Í dag eru dæmi um að jafnvel börn á leikskólaaldri eru trans og lifa í samræmi við það kyn sem þau upplifa að passi þeim best.

Kynsegin
Hugtak sem nær yfir fólk sem skilgreinir og upplifir kyn sitt utan kynjatvíhyggjunnar. Kynsegin fólk getur því t.d. verið bæði karlkyns og kvenkyns, hvorki karlkyns né kvenkyns eða skilgreinir ekki kyn sitt.

Kvár
Kynhlutlaust nafnorð yfir fullvaxta manneskju, hliðstætt við orðin karl og kona.

Kynhlutlaus persónufornöfn
Sumt kynsegið fólk kýs að nota kynhlutlaus persónufornöfn en íslensk persónufornöfn sem notuð eru um fólk hafa alltaf vísað til karlyns (hann) eða kvenkyns (hún). Kynhlutlausu fornöfnin **hán, hé** og **hín** hafa rutt sér til rúms hérlendis og eru einkum notuð af kynsegin fólki. Orðin taka oftast með sér hvorukyn og umræður gætu hljómað svona:

Hán er svangt

Ég fékk lánað úlpuna háns

Hé er hjúkrunarfræðingur, ég hef góða reynslu af þjónustu hés

Hín er svo góðhjartað að lána mér teppið sitt

Bein mismunun
Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð vegna kyns, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, kynþáttar, fötlunar eða annarra þátta en annar einstaklingur fær, hefur fengið eða myndi fá við sambærilegar aðstæður.

Kynjagleraugu
Það er talað um að setja upp kynjagleraugu þegar fólk meðvitað horfir gagnrýnum augum á umhverfi sitt með tilliti til kynjajafnréttis.

Óbein mismunun
Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur verr við suma einstaklinga en aðra vegna kyns, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, kynþáttar, fötlunar eða annarra þátta.

Fjölþætt mismunun
Þegar einstaklingi er mismunað á grundvelli fleiri en einnar mismunarbreyta.

Inngilding
Felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum.

Áreitni
Hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna.

Kynbundin áreitni
Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi eða skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgangi fyrir viðkomandi.

Fordómar
Yfirleitt neikvæð afstaða til fólks eða málefna, afstaða sem á rætur sínar að rekja í alhæfingu um einkenni þeirra sem tilheyra tilteknum hópi.

Þjóðhverfa
Þegar fólk metur aðra menningarheima út frá sinni eigin menningu og hefur tilhneigingu til að líta svo á að eigin menning sé best eða sú eina rétta.

Kynjakakan



Kynvitund
- Kona
- Karl
- Kynsegin

Kyntjáning
- Kvenlæg
- Karllæg
- Hlutlaus

Kyneinkenni
- Kvenkyns
- Karlkyns
- Ódæmigerð

Kyni úthlutað við fæðingu
☐ Stúlka ☐ Drengur ☐ Annað/X

Laðast kynferðislega að
- Konum/kvenleika
- Körlum/karlmennsku
- Öðrum kynjum/tjáningu

Laðast tilfinningalega að
- Konum/kvenleika
- Körlum/karlmennsku
- Öðrum kynjum/tjáningu

Félagsmótun og staðalmyndir

Félagsmótun vísar til þess hvernig samfélagið í kringum okkur mótar viðhorf, gildi, hegðun og jafnvel persónuleika einstaklinga. Við getum líkt félagsmótun við ósýnilegar leikreglur samfélagsins, reglur sem segja okkur hvernig „á“ að haga sér, hvað „passar“ fyrir hvern og hvernig fólk „á“ að vera.
Félagsmótun hefst strax við fæðingu og henni lýkur aldrei. Hún heldur áfram alla ævina og við lærum stöðugt af fólkinu og umhverfinu í kringum okkur.

Félagsmótunaraðilar
Þeir sem kenna okkur þessar leikreglur eru kallaðir félagsmótunaraðilar. Helstu félagsmótunaraðilar barna eru:

- Fjölskyldan
- Skólinn og leikskólinn
- Vinir og jafningjar
- Fjölmiðlar og efni

Hvað eru staðalmyndir?
Staðalmyndir eru einfaldar og oft ýktar hugmyndir um fólk eða hópa fólks, byggðar á einum eða fáum eiginleikum, t.d. kyni, kynhneigð, uppruna, fötlun, litarhætti eða trúarbrögðum. Þær fela í sér að ákveðin ímynd er tengd ákveðnum hópi, og allir einstaklingar innan hópsins eru taldir vera eins. Slíkar ímyndir geta hamlað því að einstaklingar séu metnir út frá eigin styrkleikum og aukið líkur á fordómum og útilokun. Þær ýta undir þá hugmynd að fólk eigi að haga sér „í takt við hópinn“ í stað þess að vera sjálft.

Félagsmótun, staðalmyndir og börn
Staðalmyndir birtast víða í samfélaginu – í bókum, leikföngum, teiknimyndum, kvikmyndum, auglýsingum og samræðum. Þær eru oft ómeðvitaðar, en hafa samt sem áður mikil áhrif.
Umhverfi, hegðun og orðaval fullorðinna hefur djúp áhrif á börn. Börn hlusta, horfa og herma eftir. Þau læra fljótt hvað telst „viðeigandi“ fyrir stráka og stelpur og jafnframt hvað telst óviðeigandi.

Kennarar í leikskóla gegna því lykilhlutverki í að bregðast við félagsmótun með gagnrýninni hugsun og með því að:

- skapa jafnvægi í framsetningu kynja, uppruna, fötlunar og fjölbreytileika
- endurskoða eigin viðhorf reglulega
- ræða við börn um það sem þau sjá, heyra og upplifa

Markmið jafnréttisstarfs í leikskólastarfi er að stuðla að opnu og fjölbreyttu umhverfi þar sem börn geta vaxið og þróast í takt við sínar eigin þarfir og áhuga, óháð staðalmyndum og félagslegum væntingum. Þannig fá öll börn að vera þau sjálf.

Gagnrýnin hugsun

Gagnrýnin hugsun felst í því að skoða heiminn með opnum huga, efast um hið sjálfsagða og ígrunda hvaðan hugmyndir okkar og viðhorf koma. Hún hjálpar okkur að greina og skilja hvernig félagslegar hugmyndir og viðtekin gildi móta veruleika okkar.

Skortur á gagnrýni á t.d. kynhlutverk getur hindrað okkur í að koma auga á kynjamisrétti í samfélaginu. Menning okkar er svo gegnsýrð af rótgrónum hugmyndum um líffræðilega eiginleika kynjanna að við sjáum oft ekki þau áhrif sem þessar hugmyndir hafa á hegðun og væntingar (Jafnrétti, 2013). Að setja upp kynjagleraugun hjálpar okkur að skoða umhverfi okkar og samskipti við börn á gagnrýnin og meðvitaðan hátt.

Á sama tíma og mikilvægt er að skoða umhverfi og efnivið leikskólans, er einnig nauðsynlegt að ígrunda eigin viðhorf, gildi og ímyndir af börnum. Rannsóknir sýna að hvernig við högum okkur gagnvart barni, t.d. hvernig við tölum við það og hverju við treystum því til, ákvarðast að miklu leyti af þeirri ímynd sem við höfum af því og kyni þess (Hoyuelos, 2013). Ef ímyndir okkar af kynjunum eru ólíkar, getur það leitt til ólíkrar hegðunar af hálfu starfsfólks gagnvart börnum eftir kyni.

Í leikskóla byrja börn að móta með sér hugsunarhátt sem síðar hefur áhrif á hvernig þau skynja heiminn í kringum sig. Þau sjá samfélagið í gegnum gleraugu félagsmótunar, sem mótast m.a. af samskiptum, leikföngum, bókum og fyrirmyndum. Leikskólinn gegnir því mikilvægu hlutverki í að stuðla að fjölbreyttri og jafnri sýn ásamt því að forðast að festa í sessi skaðlegar staðalmyndir, fordóma eða einsleit gildi (Jóhanna Birna Gísladóttir & Telma Ýr Friðriksdóttir, 2007).

Til að efla gagnrýna hugsun í daglegu starfi geta kennarar:

- Spurt opinna spurninga, t.d. „Hvers vegna heldur þú að þetta sé svona?“
- Búið til umhverfi þar sem mismunandi sjónarmið fá að heyrast
- Endurskoðað val á bókum, efnivið og leikföngum með tilliti til jafnréttis
- Hvetja börn til að skoða og ígrunda hlutverk og væntingar í samfélaginu

Gagnrýnin hugsun er því ekki aðeins hugtak heldur aðferð til að byggja meðvitað upp samfélag sem byggir á virðingu, jafnrétti og fjölbreytileika – frá fyrstu árum ævinnar.

Staðalmyndir í barnabókum

Barnabækur skipta miklu máli í mótun sjálfsmyndar og heimsmyndar barna. Þær spegla og móta hugmyndir barna um það hvernig heimurinn er, hver þau sjálf eru og hvernig aðrir eiga að vera. Þess vegna er mikilvægt að skoða þær með gagnrýnum augum.

Í mörgum bókum birtast staðalmyndir; einhliða og oft ósanngjarnar hugmyndir um fólk eftir kyni, uppruna, fötlun eða öðrum þáttum. Þessar myndir geta fest í sessi ójafnrétti, takmarkað sýn barna á möguleika sína og styrkt úrelta samfélagslega þætti.

Hér fyrir neðan eru dæmi um algengar staðalmyndir sem koma fram í barnabókum. Listinn er ekki tæmandi, en getur verið nytsamlegur grunnur fyrir umræðu við börn og fyrir kennara til að velja fjölbreytt og valdeflandi lesefni.

Strákar
Eru uppfinningasamir, virkir, snjallir, ævintýragjarnir, hugrakkir, háværir, reiðir, sterkir, bjargvættir og harðir af sér.

Stelpur
Eru samviskusamar, skynsamar, heimskar (að eigin sögn), hlýðnar, blíðar, umhyggjusamar, fallegar, vel klæddar, óóruggar og gjarnar óvirkar (fylgjast með, styðja við eða klaga strákana).

Hinsegin börn/fólk
Eru oftast ósýnileg í barnabókum.

Fólk af erlendum uppruna
Eru gjarnan framandi eða illmenni.

Pabbar
Eru fjarlægir, sterkir, reiðir, hugrakkir, bjargvættir, flinkir í höndunum. Pabbar geta allt.

Mömmur
Eru nálægar, umhyggjusamar, hlýjar, umvefjandi, gjarnar á að kvarta, sorgmæddar, hræddar, glaðar, duglegar að kyssa og knúsa börnin sín, fallegar og góðar. (Stjúpmæður eru hins vegar vondar og grimmar).

Fatlað fólk
Er annað hvort ofsalega duglegar eða ósjálfbjarga manneskjur sem þarfnast vorkunnar.

Hægt er að nota þessar staðalmyndir sem útgangspunkt í samtölum við börn, til að efla gagnrýna hugsun og skapa meðvitund um fjölbreytileika. Hér eru nokkrar leiðir:

- **Snúið hlutverkum við:** Ef bókin sýnir prins sem bjargar prinsessu, prófið að skipta um hlutverk í leik eða upplestri. Spyrjið: „Hvernig hefði sagan verið ef prinsessan hefði bjargað prinsinum?“
- **Spyrjið opinna spurninga:** „Af hverju heldur þú að þessi persóna sé alltaf reið?“ „Getur stelpa líka verið bjargvættur?“ „Getur pabbi líka verið hræddur?“
- **Búið til nýja sögu:** Hvetjið börnin til að semja sína eigin útgáfu með persónum sem brjóta upp hefðbundin hlutverk og sýna fjölbreytt gildi og eiginleika.
- **Finnið jákvæð dæmi:** Finnið bækur með sterku jafnréttissjónarhorni. Talið um hvernig þær eru ólíkar öðrum – og hvers vegna það skiptir máli.

Að brjóta upp staðalmyndir

Þar sem staðalmyndir eru djúpstæðar og víða sjáanlegar í samfélaginu, er mikilvægt að vinna markvisst gegn þeim í leikskólastarfi. Með því að bjóða börnum upp á fjölbreyttar fyrirmyndir og brjóta upp hefðbundin kynhlutverk, stuðlum við að jafnari möguleikum fyrir öll börn. Hér eru nokkrar leiðir til að brjóta upp staðalmyndir í daglegu starfi:

Ögrum hefðbundnum kynhlutverkum í samræðum
Leitum meðvitað eftir tækifærum til að víkka hugmyndir barna um það hvað stelpur og strákar „geta" eða „mega" gera. Dæmi:

- Segðu sögur af konum sem eru sjómenn, vísindamenn eða bifvélavirkar
- Taktu dæmi af körlum sem eru hjúkrunarfræðingar, pössunarpíur eða dansarar

Spyrðu börnin:
„Hefurðu séð konu gera þetta áður?"
„Hvernig heldur þú að pabbi myndi líta út í hjúkrunarfötum?"
„Geta allir unnið hvaða starf sem er?"

Forðumst að kynja að óþörfu
Reynum að tala í kynhlutlausu máli þegar ekki skiptir máli hvaða kyn um ræðir:

- Í stað þess að tala um stelpudót og strákadót, segjum barnaleikföng eða leikföng
- Í stað „stelpur, komið hingað" → segjum börn eða krakkar

Þessi smáatriði skipta máli og hjálpa börnum að skilja að allt er fyrir alla – ekki bara fyrir ákveðin kyn.

Hrósum á fjölbreyttan hátt
Við hrósum oft ósjálfrátt í samræmi við staðalmyndir; stelpum fyrir útlit eða hlýju og strákum fyrir dugnað eða styrk. Prófum að snúa þessu við:

- Stelpur: „Þú sýndir mikið hugrekki"
- Strákar: „Þú varst mjög umhyggjusamur við vin þinn í dag."

Hópaskipting á fjölbreyttan hátt
Forðumst að skipta börnum alltaf í hópa eftir kyni. Það styrkir ómeðvitað hugmyndina um að kyn skipti meira máli en annað. Prófum frekar:

- Eftir afmælisdegi
- Eftir lit uppáhalds peysu
- Eftir fjölda systkina

Það er í lagi að skipta eftir kyni stundum en forðumst að það verði sjálfgefin regla.

Forðumst kynbundin verkefni
Tækifæri til að ögra staðalmyndum leynast í hversdagslegum aðstæðum. Dæmi:
Ekki: „Strákarnir megi bera þungt, þeir eru svo sterkir."
Ekki: „Stelpurnar geta þurrkað af, þær eru svo snyrtilegar."

Segðu frekar:
„Mig vantar nokkra sterka krakka til að hjálpa mér með þetta."
„Hver er til í að hjálpa við að ganga frá?"

Það að brjóta upp staðalmyndir felst ekki í einni stórri breytingu heldur í fjölda smárra athafna og orða sem, samanlagt, móta nýja sýn hjá börnum. Með markvissum og meðvituðum samskiptum getum við stuðlað að því að öll börn upplifi sig sjálfstæð, sterk og frjáls til að vera þau sjálf.

Er ég strákur eða stelpa?

Verkefni um staðalmyndir og kynhlutverk

Sagan er fyrir elstu börn leikskólans og á næstu síðu fylgja spurningar sem hægt er að nýta sem umræðukveikjur með börnunum eftir lesturinn.

Á morgnana þegar ég vakna klæði ég mig í fötin mín. Í dag fer ég í rauða peysu og bláar buxur. Svo fer ég í krókódílasokka. Krókódílasokkarnir mínir eru skemmtilegir því þeir passa að kuldinn klípi ekki í tásurnar mínar þegar það er kalt.

Ég ætla að fara á leikskólann í dag og leika við vini mína. Ég er alltaf samferða pabba á leikskólann af því að hann vinnur á sama leikskóla og ég er í en hann er ekki á deildinni minni. Hann er hjá yngstu krökkunum.

Einn vinur minn er stelpa og annar vinur minn er strákur. Í dag kemur gestur á leikskólann. Það kemur lögreglukona sem ætlar að kenna okkur umferðarreglurnar. Ég hlakka mikið til.

Þegar ég fer af leikskólanum í dag ætlar afi að sækja mig og ég fæ að fara í jeppann hans. Við ætlum að fara í Byko af því að afi ætlar að kaupa borvél handa ömmu í afmælisgjöf. Amma er rosalega flink að smíða.

Einu sinni var ég með ömmu og afa í sumarbústaðnum. Þá smíðaði amma sandkassa handa mér og ég fékk að hjálpa til. Afi bakaði rosalega fína súkkulaðiköku á meðan við vorum að smíða og við fengum að borða þegar við vorum búin með verkið.

Mér finnst alveg rosalega gaman á veturna af því að þá er stundum svo mikill snjór og mér finnst gaman að leika mér á sleða. En skemmtilegast af öllu er þegar ég fæ að fara með mömmu í vinnuna. Mamma vinnur á stórri gröfu og þegar enginn sér til fæ ég að sitja í stóru skóflunni framan á gröfunni og mamma lætur mig síga upp og niður. Svo mokar hún öllum snjónum í stóra hrúgu og ég og vinir mínir í götunni, þar sem ég á heima, byggjum snjóhús.

Einu sinni gerðum við rosa flott snjóhús og ég náði í bangsana mína og klæddi þá í húfu og vettlinga. Svo drukkum við heitt kakó í snjóhúsinu. Einn bangsinn á alveg eins húfu og ég, svona bláa húfu með pókemon mynd.

Á kvöldin, þegar ég fer að sofa, reyni ég alltaf að hugsa um eitthvað fallegt.

Er ég strákur eða stelpa?

Spurningar sem hægt er að spyrja börnin eftir lestur sögunnar:

1. *Er ég strákur eða stelpa?*
2. *Vinna margar konur á gröfu? Af hverju/ekki?*
3. *Vinna margir karlar á leikskóla? Af hverju/ekki?*
4. *Eiga strákar bangsa? En dúkkur?*
5. *Eiga stelpur bíla og gröfur?*
6. *Þarf einhver að vera mamman eða einhver pabbinn í mömmó? Af hverju/ekki?*
7. *Baka afar súkkulaðikökur? Af hverju/ekki?*
8. *Kunna margar mömmur að smíða og bora? Af hverju/ekki?*
9. *Eru margar konur sem geta gert við bíla? Af hverju/ekki?*
10. *Er bangsi með bláa húfu stelpubangsi eða strákabangsi? Af hverju/ekki?*
11. *Er eitthvað óvenjulegt við söguna? Hvað?*

Trans börn

Í dag koma trans börn oftar og fyrr út með kynvitund sína en áður. Þrátt fyrir að samfélagið sé að verða opnara og meðvitaðra, eru margir skólar og leikskólar enn ekki fullbúnir að mæta þörfum trans barna á nægilega markvissan hátt. Þess vegna skiptir miklu máli að starfsfólk sé meðvitað, upplýst og tilbúið að styðja börn af öllum kynjum, líka þau sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar. Það mikilvægasta sem við getum gert er að viðurkenna og virða kynvitund og kyntjáningu barna, ásamt því að styðja þau í vali sínu á nafni og fornafni. Það er engin ein rétt leið til að vera eða koma út sem trans og það tekur oft tíma að átta sig á sinni kynvitund. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að ekkert próf eða viðmið getur sagt okkur hvort barn sé trans eða sís. Það sem við höfum áhrif á er hversu mikinn stuðning barnið fær og hvernig við bregðumst við þegar það sýnir okkur hver það er.

Reynsla fagfólks sýnir að trans börn upplifa oftar reiði, kvíða og þunglyndi og eru líklegri til að glíma við geðrænan vanda en sís börn. Það er þó ekki vegna þess að þau eru trans, heldur vegna þess að þau upplifa höfnun, vantraust eða skort á stuðningi í umhverfi sínu. Stuðningur og virðing, sérstaklega frá nánasta fólki og leikskólasamfélaginu, skiptir sköpum fyrir vellíðan barnsins. Ein leið til að veita stuðning er að opna á samtal um kyn og fjölbreytileika í leikskólastarfinu. Með því að lesa bækur um trans börn eða fjölbreytta kynvitund með börnunum, gefum við þeim tækifæri til að spegla sig í efninu, vekjum forvitni og eflum umburðarlyndi. Slíkar bækur hjálpa einnig til við að vinna gegn staðalmyndum og sýna börnum að það eru margar leiðir til að vera til.

Þegar barn er að koma út sem trans, eða með kynvitund sem er frábrugðin þeirri sem búist var við, getur það vakið spurningar og óvissu meðal forráðamanna. Þá er mikilvægt að muna að þau eru ekki ein. Samtökin '78 veita bæði foreldrum og börnum ráðgjöf, halda úti stuðningshópum og bjóða upp á samtöl við fagfólk, allt án endurgjalds.

Í tengslum við trans börn er oft talað um félagslega kynstaðfestingu. Hún getur falið í sér breytingar á klæðnaði, framkomu, hári, nafni og fornafni. Þessar breytingar eru oft einfaldar, stundum tímabundnar, en hafa mikla þýðingu fyrir sjálfsmynd barnsins. Að leyfa barninu að tjá sig á sínum eigin forsendum er mikilvægur liður í því að byggja upp öryggi og sjálfstraust.

Í stuttu máli:

- Það er engin ein rétt leið til að vera trans – og ekkert próf sem segir til um það.
- Mikilvægast er að veita barni sýnilegan og virkan stuðning.
- Félagsleg kynstaðfesting getur falið í sér einfaldar, en mikilvægar, breytingar.
- Trans börn þurfa stuðning frá nánasta umhverfi sínu og leikskólinn gegnir þar lykilhlutverki.
- Foreldrar og aðstandendur geta fengið ráðgjöf og stuðning hjá Samtökunum '78.

Sjá hinsegin fræðsluefni og bækur

Samtökin '78
Félag hinsegin fólks á Íslandi

Regnbogavottun

Allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta sótt um regnbogavottun. Markmið vottunarinnar er að stuðla að hinseginvænni starfsumhverfi og þjónustu, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega. Með því er unnið markvisst gegn bæði beinni og óbeinni mismunun gagnvart hinsegin fólki.

Inntak vottunar
Fræðsla er kjarninn í regnbogavottuninni. Vottunin byggir einnig á fjölbreyttum verkefnum sem tengjast hinseginleika og felur jafnframt í sér greiningu á því hvernig starfsstaðurinn getur skapað hinseginvænna umhverfi.

Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á því að tryggja hinseginvænt starfsumhverfi og að veitt þjónusta taki mið af fjölbreytileika notenda.

Umsóknarferli og ábyrgðaraðili
Starfsstaðir sækja sjálfir um regnbogavottun með því að hafa samband við Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.
Tilnefna þarf tengilið eða ábyrgðaraðila vottunar, sem getur verið stjórnandi eða annar starfsmaður.
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir leiðsögn og ráðgjöf allan tímann meðan á ferlinu stendur.

Vottunarferli
Regnbogavottunarferlið felur í sér eftirfarandi skref:

1. Spurningalisti um stöðu og aðstæður á starfsstaðnum.
2. Úttekt á rými og umhverfi eftir því sem við á.
3. Fræðsla fyrir allan starfsmannahópinn, samtals 4,5 klst.
4. Gerð aðgerðaráætlunar af hálfu starfsfólks.
5. Útgáfa kynningarefnis, m.a. bæklingur, fáni, lógó og veggspjald.
6. Endurgjöf.

Til að viðhalda regnbogavottun þarf starfsstaður að:
Sitja endurfræðslu að lágmarki á þriggja ára fresti.
Heildarlengd endurfræðslu skal vera að minnsta kosti 1,5 klst.

Regnbogavottun

Hægt er að fá frekari upplýsingar og óska eftir því að taka þátt með því að hafa samband við **hinsegin@reykjavik.is**

Kynjajafnrétti

Punktar til íhugunar

Starfsfólk og samskipti

- Á starfsfólk jafn oft í samræðum við stelpur, stráka og stálp?
- Fá öll börn reglulega hrós og hvatningu?
- Notar starfsfólk fjölbreytt hrós til allra barna?
- Er þess gætt að raddir allra barna fái að heyrast til jafns? Er sérstaklega leitað eftir röddum hljóðlátu barnanna?
- Fá öll börn sömu aðstoð eða sömu hvatningu?
- Fá öll börn þjálfun í að tjá sig um tilfinningar sínar og líðan?
- Er unnið með og talað um snertingu eða persónuleg mörk?
- Er unnið með frelsi barna til að velja og hafna snertingu?
- Eru notuð rétt orð yfir kynfæri, s.s. typpi og píka?

Umhverfið

- Eru bleikir og bláir litir notaðir til jafns fyrir bæði/öll kyn?
- Hafa börnin aðgang að myndefni sem sýnir óhefðbundin kynhlutverk og fjölbreyttar fjölskyldur?
- Eru öll svæði leikskólans kynhlutlaus og hafa öll börn jafnan aðgang að þeim?

Námsgögn og leikföng

- Eru leikföng kynhlutlaus og laus við staðalmyndir, þ.á.m. búningar?
- Höfðar leikefni leikskólans til fjölbreytts barnahóps?
- Á leikskólinn námsefni sem sýnir fjölbreytileika, t.d. fólk með fötlun, fólk með ólíka líkamsgerð, fólk af erlendum uppruna, kynsegin fólk, fjölbreytt fjölskyldumynstur?

Annað

- Eru söngtextar lausir við staðalmyndir kynjanna og sýna þeir fjölbreytileika mannlífsins?
- Leitar starfsfólk jafnt til allra forsjáraðila varðandi hegðun, líðan og heilsu barna?
- Gera umsóknareyðublöð ráð fyrir fleiri kynjum en tveimur og fjölbreyttum fjölskyldumynstrum?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað viljum við gera betur?

Leikskóli margbreytileikans

Ígrundun um námsumhverfi

Leikskóli margbreytileikans leggur ríka áherslu á þátttöku, samskipti og samfélagsstuðning. Markmiðið er að öll börn tilheyri í leikskólanum og séu í virkum samskiptum, að fjölskyldur þeirra taki virkan þátt og að nærsamfélagið styðji við starfsemi leikskólans. Leikskólakennarar og annað starfsfólk gegna lykilhlutverki í að skapa námsumhverfi sem styður við nám og þroska allra barna.

Um verkefnið
Þetta verkefni er þróað af Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir og er ætlað sem verkfæri fyrir leikskólastarfsmenn til að:

- Skoða og meta námsumhverfi leikskólans.
- Ígrunda hvernig félags-, náms- og efnislegir þættir styðja við fjölbreyttan barnahóp.

Verkefnið hvetur til gagnrýninnar hugsunar um starfshætti og stuðlar að þróun leikskóla þar sem öll börn geta tekið virkan þátt í leik og námi með jafningjum sínum.

Einkenni leikskóla margbreytileikans
Leikskóli margbreytileikans byggir á heildstæðum aðgerðum og stuðningi við hæfi, þar sem unnið er með eftirfarandi átta þætti til að tryggja þátttöku allra barna:

1. Almennt jákvætt andrúmsloft
2. Félagslegt umhverfi sem endurspeglar margbreytileika
3. Barnmiðuð nálgun
4. Barnvænt námsumhverfi
5. Leikefni sem hentar öllum börnum
6. Tækifæri til tjáningar og samskipta
7. Kennslu- og námsumhverfi margbreytileikans
8. Fjölskylduvænt umhverfi

Aðferðir og útfærsla
Verkefnið inniheldur spurningar sem ætlað er að styðja starfsfólk við mat á eigin starfsumhverfi. Leikskólakennarar og starfsfólk geta valið að vinna með alla þættina eða einblína á valda þætti eftir þörfum og forgangsröðun.

Hér má finna skjalið sem inniheldur spurningalista til ígrundunar á námsumhverfi leikskólans.

Samkennd og vinátta

Samkennd, þ.e. hæfnin til að skilja og virða sjónarhorn annarra, er grunnurinn að öllum félagslegum samskiptum (Michella Balani, 2020).

Gullna reglan: *Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig* ætti að vera rauður þráður í öllu skólastarfi.

Í aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) segir að leikskólar eigi að leggja áherslu á að auka færni barna í samskiptum, auka félagsleg tengsl, efla samkennd, tillitssemi og vináttu.

Það er réttur allra barna að tilheyra hópi og í leikskóla er lagður hornsteinn að félagslegri vellíðan til framtíðar. Í samskiptum barna verða til félagsleg mynstur sem hafa áhrif á stöðu hvers barns innan hópsins (Sigríður Þorleifsdóttir, 2022) og geta ákveðin samskiptamunstur leitt til eineltis eða útilokunar strax á leikskólaaldri.

Í aðstæðum og umhverfi sem skortir umburðarlyndi gagnvart margbreytileikanum og skortir viðmið um það sem er rétt eða rangt geta neikvæð samskipti, útilokun og einelti gert vart við vig. Því er mikilvægt að leikskólar byggi strax upp umhverfi og andrúmsloft þar sem einelti fær ekki að þróast (Barnaheill, e.d.).

Í lokaverkefni Sigríðar Þorleifsdóttur (2022) þar sem hún skoðaði vináttu og samskipti í leikskóla komst hún m.a. að því að starfsfólk leikskóla sem vann markvisst með vináttu (Blæ) sá meiri samkennd meðal barnanna en áður. Vináttuverkefnið Blær reynist einnig börnum af erlendum uppruna, sem komu ný inn í íslenskt skólasamfélag, góður stuðningur.

Vináttuverkefni Barnaheilla felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum.

Smelltu á bangsana til að lesa meira
um vináttuverkefni Barnaheilla

Vinátta þvert á tungumál og menningarbakgrunn

Börn taka snemma eftir félagslegum mun og mismunandi hópum í umhverfi sínu. Rannsóknir sýna að þegar börn eru aðeins þriggja til fimm ára gömul eru þau þegar farin að tileinka sér viðhorf sem endurspegla ríkjandi hugmyndir og fordóma í samfélaginu (Anna Árnadóttir, 2016). Það undirstrikar mikilvægi þess að leikskólar séu meðvitaðir um hlutverk sitt í að stuðla að virðingu, jafnrétti og vinasamböndum þvert á menningu.

Útilokun og einelti meðal leikskólabarna getur birst á lúmskan hátt, oft þannig að hugmyndir og framlag barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn eða annað móðurmál en íslensku eru ekki metin eins hátt og hjá öðrum börnum. Slíkt getur verið ósýnilegt en hefur mikil áhrif á sjálfsmynd og þátttöku. Leikskólakennarar þurfa því að vera sérstaklega vakandi í leik og samskiptum barnanna og grípa inn í þegar þau sjá að ekki er hlustað jöfnum höndum á öll börn (Sigríður Þorleifsdóttir, 2022).

Eitt lykilskref í að efla þátttöku allra barna er að styðja markvisst við að þau öðlist traust og góð tök á íslensku, því tungumál er lykill að þátttöku í leik, samskiptum og daglegu starfi. En það er ekki nóg að börn af erlendum uppruna aðlagist íslenskri menningu. Leikskólinn á einnig að fagna og nýta fjölbreytnina sem auðlind í leik og námi allra barna.

Það sem rannsóknir sýna:

- Börn af erlendum uppruna eru oftar útilokuð frá leik en börn með íslenskan bakgrunn. Þau draga sig frekar í hlé og leita síður eftir aðstoð þegar þau lenda í erfiðleikum (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020).
- Þegar börn eignast vini þvert á tungumál og þjóðerni hefur það jákvæð áhrif á tilfinningalega, félagslega og hegðunarlega þætti.
- Slík vinátta dregur úr fordómum, styrkir félagstengslanet og eykur jákvæð viðhorf til fjölbreytileika (Anna Árnadóttir, 2016).

Hvað getum við gert?

- Hvetja til vináttu og leikja sem krefjast samvinnu milli barna með ólíkan bakgrunn.
- Meta öll sjónarmið jafnt, jafnvel þótt börnin tjái sig á ólíkum tungumálum eða með öðrum tjáningarháttum.
- Búa til tækifæri fyrir börn að kynna fyrir hvert öðru eitthvað úr sínum menningarheimi, t.d. orð, mat eða siði.
- Gæta þess að öll börn fái hlutverk í leik og verkefnum sem styrkja sjálfsmynd þeirra.

Vinátta þvert á menningu og mál er ekki bara gjöf fyrir þau börn sem hafa annan bakgrunn, heldur auðgar líf allra barna í leikskólanum. Með meðvituðu starfi getum við lagt grunn að samfélagi þar sem fjölbreytileiki er ekki áskorun, heldur auðlind.

Tungumál vikunnar

Verkefni um heimamenningu

Fjölbreyttir húðlitir

Í fjölmenningarlegu samfélagi nútímans eru leikskólabörn af margvíslegum uppruna, með ólíkan tungumála-, menningar- og trúarlegan bakgrunn. Þessi fjölbreytni á að vera metin að verðleikum og tekið fagnandi, en á sama tíma er mikilvægt að leggja áherslu á að öll börn séu jöfn þó þau séu ekki eins.

Fjölbreytileiki er styrkur sem eykur víðsýni og dýpkar félagsfærni barna. Rannsóknir benda til þess að börn sem alast upp við fjölbreytt samskipti í daglegu lífi, við börn af ólíkum kynþáttum, þjóðernum og bakgrunni, séu ólíklegri til að þróa með sér fordóma (How to Create Equitable Preschools for All Children, 2020).

Að ræða fjölbreytileika með börnum
Daglegar aðstæður í leikskólanum bjóða upp á dýrmæt tækifæri til að styrkja meðvitund barna um margbreytileika og virðingu fyrir ólíkum eiginleikum fólks. Einföld athugasemd, svo sem þegar barn biður um „andlits-litaðan" lit, getur orðið upphaf að mikilvægu samtali:

„Hvernig getur húð verið á litinn? Höfum við öll sama húðlit?"

Þetta skapar tækifæri til að ræða og sýna fram á að húðlitur er allskonar og að enginn einn litur tákni „andlitslit". Með því að bjóða börnum val um fjölbreytta liti og ræða af hverju allir litir geta verið „andlitslitir", kennum við þeim að meta fjölbreytileikann og efla gagnrýna hugsun.

Leikskólinn á að vera vettvangur jafnréttis og fjölmenningarlegrar meðvitundar, þar sem börn læra að viðurkenna, virða og fagna því sem gerir okkur ólík.

Blómið og kaktusinn

Þetta verkefni fjallar um góð og slæm samskipti og kennir félagsfærni. Hægt er að útfæra verkefnið á mismunandi hátt, eins og hentar hverjum leikskóla eða hverri deild fyrir sig.

Hugmyndin er að hafa sýnilegar og myndrænar leiðbeiningar um æskileg og óæskileg orð og hegðun sem við viljum að öll börn fari eftir.

Í samvinnu við börnin er hægt að finna orð/myndir sem eiga heima í blóminu annars vegar og kaktusnum hinsvegar.

Blómið
Hvaða orð eða hegðun eru falleg og gleðja, eins og blómið?



Kaktusinn
Hvaða orð eða hegðun stinga og geta meitt, eins og kaktusinn?

Heimurinn er hér

Stefna um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf

Aðalmarkmið stefnunna er að „öll börn og ungmenni nái árangi í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og verði skapað tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu".

Á undanförnum árum hefur íslenskt samfélag breyst frá því að vera tiltölulega einsleitt yfir í það fjölmenningarsamfélag sem við þekkjum í dag. Þróa þarf áfram leikskólastarf sem lítur á fjölbreytileikann í samfélaginu sem tækifæri til að þroska og aukins siðferðis öllum í hag, og eiga stjórnendur að vera þar í fararbroddi.

Leggja þarf áherslu á að börn fái tækifæri til að standa jafnfætis öðrum, um leið og þau læra hvert af öðru og þannig koma í veg fyrir að ólík menning, sýn og reynsla leiði til mismununar. Í því samhengi er mikilvægt að öll börn nái tökum á íslenskri tungu svo þau hafi betri forsendur til þess að taka þátt í leik og daglegu starfi.

Samkvæmt breytingum á aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2022 er það hlutverk leikskólakennara að „leggja grunn að íslenskunámi barnanna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla tungumálafærni sína" ásamt því að „bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi".

Í leikskólastarfi er mikilvægt að leggja áherslu á að byggja upp þekkingu og færni þeirra sem þar starfa til að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti.

Markmiðið er að koma til móts við ólíkar þarfir og þekkingu barna og ungmenna. Það er mikilvægt að hafa í huga hvaða efniviður og námsgögn eru í boði, hvernig brugðist er við fordómum og einelti, hvernig stuðlað er að jafnrétti og virkri þátttöku og hvernig stuðlað er að uppbyggingu nýrrar þekkingar í hópnum.

Á næstu blaðsíðu eru viðmið sem hægt er að nýta til að skoða eigið starf.

Heimurinn er hér

Gátlisti

Um fjölmenningarlegt leikskólastarf

Þegar verið er að þróa fjölmenningarlegt leikskólastarf er mikilvægt að allir þættir starfsins séu teknir til ígrundunar. Gott er að nýta eftirfarandi viðmið sem gátlista til að skoða eigið starf:

Efniviður

Hvernig er notast við fjölbreyttan efnivið, myndir og annað sem hefur skírskotun í fjölbreytta menningu og tungumál?

Draga úr fordómum

Í hverju felast fordómar barna og hvaða aðferðir og efniviður eru notuð til að draga úr þeim?

Jafna tækifæri barna til náms

Hvernig er stuðlað að jöfnum tækifærum barna til náms? Eru notaðar aðferðir sem beinast að því að auka árangur barna óháð uppruna, kyni og félagslegri stöðu?

Uppbygging þekkingar

Eru notaðar aðferðir sem ganga út á að ræða, rannsaka, skoða og skilja hvernig ólíkar skoðanir, sýn og viðhorf byggja upp nýja þekkingu?

Valdeflandi skólamenning

Skoða stjórnendur, kennarar og starfsfólk starfið í heild sinni, hópaskiptingar, matsaðferðir og stimplun á færni, þátttöku barnanna og samskipti þvert á hópa?

Er skólabragurinn til þess fallinn að vera valdeflandi fyrir öll?

Jafnrétti í íslenskri málstefnu 2021-2030

Jafnræði og jafnrétti eru lykilhugtök í íslenskri málstefnu. Íslenska á alls staðar að vera sýnileg á opinberum vettvangi og upplýsingar alltaf aðgengilegar á íslensku. Þótt enska og önnur tungumál geti víða þurft að vera áberandi á það ekki að vera á kostnað íslensku. Þá er mikilvægt að hafa hugfast að tungumálið er öflugt valdatæki sem ber að beita af varúð. Því ætti ekki að beita til að gefa til kynna yfirburði eða undirskipun fólks eftir stétt eða stöðu þess.

Jafnræði er að:

- Íslenska víki ekki fyrir ensku eða öðrum tungumálum heldur sé alltaf fyrsta málið og mest áberandi, þótt upplýsingar á öðrum málum fylgi
- Allir landsmenn hafi jafnan aðgang að upplýsingum á íslensku og eftir atvikum á öðrum málum að auki
- Allt fólk sem talar íslensku hafi rödd, jafnvel þótt það hafi ekki full tök á málinu og notkun þess
- Dæma ekki orðræðu annarra út frá málfari

Jafnrétti er að:

- Bera virðingu fyrir málnotkun allra sem tala íslensku og gæta þess að málnotkun sé ekki útilokandi
- Nota orð og orðfæri um mismunandi þjóðfélagshópa sem fólk í þeim hópum kýs sjálft

Fjölmenningarlegt samfélag:

- Viðurkennir rétt fólks sem ekki hefur náð tökum á íslensku til að tjá sig á öllum hugsanlegum vettvangi
- Sér íbúum sem ekki hafa náð tökum á íslensku fyrir nauðsynlegum, opinberum upplýsingum á móðurmáli þeirra eða öðru tungumáli sem þau skilja og tryggir þeim þjónustu túlka þegar þess er þörf

Hér má finna íslensku málstefnuna til ársins 2030

Lesið í leik – læsisstefna leikskóla

Í aðalnámskrá leikskóla er læsi einn af grunnþáttum menntunar.

„Læsi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt".

Þegar áhersla er lögð á að efla mál og læsi allra barna er verið að stuðla að jöfnum tækifærum þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu.

Hér fyrir neðan eru punktar sem snúa að því hvernig læsisstefna getur haft áhrif á jafnréttisstarf í leikskólum:

- Samskipti og samræður um litróf tilfinninga, líðan og upplifun eykur möguleika barna á því að þróa með sér læsi á eigin tilfinningar og annarra.
- Heimspekileg samræða og uppbygging gagnrýnnar hugsunar í barnahópnum stuðlar að læsi þeirra á upplýsingar og umhverfi sitt. Þetta er hægt að gera með því að rýna í og ræða fjölmiðla, myndir, bækur, hegðun og annað.
- Vinna með bakgrunn barna og reynslu, móðurmál og menningu sem lið í uppbyggingu nýrrar þekkingar.
- Fjölbreyttar barnabækur gefa víðari sýn á veröldina, menningu, fólk, samfélög og tungumál.

Menningarlæsi ungra barna á fjölbreytta þætti menningarinnar er yfirleitt mjög mikið. Þar skipar dægumenningin, fjölbreytt áhugamál barnanna, bakgrunnur þeirra, tungumál og fjölskylda oft stóran sess.

Menning okkar er uppfull af gömlum hugmyndum um hlutverk kynjanna og stundum getur verið erfitt að koma auga á skaðlegar staðalmyndir sem þessar hugmyndir hafa mótað (Nú skal segja..., 2013). Því er mikilvægt að skoða umhverfi og menningu barna með gagnrýnum augum.

Á næstu blaðsíðu má finna táknmynd af barnamenningu, þar sem oft er hægt að finna skaðlegar staðalmyndir ólíkra hópa.

Hér er læsisstefna leikskóla

Barnamenning

Barnamenning er það sem tilheyrir menningu barna og vekur áhuga þeirra. Hvernig getum við skoðað þessa þætti með gagnrýnum hætti og/eða kynjagleraugunum?



Táknmynd unnin eftir fyrirmynd úr Læsisstefnu leikskóla og Neum (2012).

Við erum öll einstök

Leikur fyrir elstu börnin

Þessi leikur hentar vel til að efla sjálfsmynd barna og varpar ljósi á fjölbreytnina í barnahópnum. Hvert og eitt barn í hópnum er einstakt á sinn hátt.

Börnin setjast öll ásamt starfsfólki í hring á gólfinu. Sá sem byrjar segir: „ég er einstök/einstakur/einstakt af því að…" og bætir við einhverju sem barnið telur eiga við sig en ekki aðra í hópnum. Það gæti t.d. verið:

- ég á fimm systkini
- ég tala þrjú tungumál
- ég á hamstur
- ég er litblind

Ef þetta á hinsvegar við eitthvað annað barn í hópnum líka þá færir það barn sig og sest fyrir framan barnið sem var að tala. Þá þarf það barn að finna eitthvað nýtt sem gerir það einstakt. Barnið heldur áfram að nefna eitthvað þar til það finnur eitthvað sem gerir það einstakt innan hópsins, og enginn situr fyrir framan það. Þá er komið að næsta barni að segja hvað gerir það einstakt.

Öll í hringnum fá að nefna hvað það er sem gerir þau einstök og starfsfólk notar dæmin til að benda á fjölbreytileikann í hópnum og hversu gott það er að við erum ekki öll eins.

Réttindi og forréttindi

Verkefni fyrir elstu börnin

Hver er munurinn á réttindum og forréttindum?

Yfirleitt er talað um að réttindi séu það sem allt fólk á rétt á til að lifa góðu og öruggu lífi. Forréttindi eru hlutir sem okkur langar til að hafa en þurfum e.t.v. ekki nauðsynlega á að halda.

Markmið verkefnisins
Markmið verkefnisins er að stuðla að umræðu meðal barna um muninn á réttindum og forréttindum og að vekja þau til umhugsunar.

Dæmi til að skýra muninn
- Réttindi: Öll börn eiga rétt á hreinu vatni.
- Forréttindi: Að fá epladjús er ekki réttur heldur forréttindi.

Um verkefnið
Verkefnið er útprentanlegt spil sem hvetur til umræðu um hvort tilteknir hlutir eða aðstæður séu réttindi eða forréttindi.

Leiðbeiningar
- Kennari dregur spil úr bunka, sýnir hópnum og spyr:
- „Er þetta réttindi eða forréttindi?“
- Síðan fylgir spurning um af hverju það sé réttindi eða forréttindi.

Með þessari aðferð eykst skilningur barna á grunnþörfum og réttindum, auk þess sem umræðan styrkir meðvitund þeirra um félagslega mismunun og jafnrétti.

Tenging við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
Spilið býður einnig upp á tækifæri til að tengja umræðurnar við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og greina hvaða réttindi barna eru viðurkennd að vernda og tryggja.

Spilið er eftir Lilju Mörtu Jökulsdóttur

Útprentanlegt spil um réttindi og forréttindi

Gefðu 10

Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið, þó það séu ekki nema 10 mínútur á dag, skapar þú námstækifæri út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni. Verkefnið örvar málþroska, eykur samskipti, fjölgar námstækifærum barnsins og skapar rými til virkrar þátttöku. Barnið upplifir að það tilheyri barnahópnum og öðlast betri trú á eigin getu.

Ef við erum að **gefa 10** en vitum ekki hvaða börn þurfa mest á því að halda getum við byrjað á því að meta samskipti okkar við börnin á deildarfundi og kortlagt hversu mikil samskipti eiga sér stað milli starfsfólks og barns sem um ræðir. Hér er áhersla á samskipti sem fela í sér jákvæðar athugasemdir, hrós og hvatningu, málörvun og áhuga á því sem barnið er að gera.

Hér má nálgast bækling sem fjallar nánar um þessa aðferð

Foreldrasamstarf

Leikskólinn þarf að laga sig að því að við lifum í fjölmenningarsamfélagi þar sem fjölskyldugerðir eru fjölbreyttar og þarfir fjölskyldna mismunandi. Mikilvægt er að leggja áherslu á foreldrasamstarf sem byggir á fjölmenningarlegum viðhorfum og skapa umhverfi sem endurspeglar fjölbreytileikann. Allt starfsfólk ætti að tileinka sér jákvætt viðhorf til foreldra og líta á það sem sitt hlutverk að stuðla að samstarfi og samskiptum. Samstarf milli forsjáraðila barns og starfsfólk leikskóla þarf að byggja á virðingu og gagnkvæmum skilningi á reynslu, viðhorfum, gildum og þekkingu hverra annarra.

Samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á starfsfólk ekki að ganga út frá því vísu að öll börn eigi gagnkynhneigða eða sís-kynja foreldra. Starfsfólk gengur heldur ekki út frá því að öll eigi tvo foreldra þar sem sum börn eiga eitt foreldri og önnur fleiri en tvo foreldra. Því er mikilvægt að leikskólinn noti inngildandi orðalag.

Leikskólinn er oft fyrsti vettvangur fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna til samskipta og myndun tengsla við aðrar fjölskyldur (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Líkt og fyrir börn þá er mikilvægt fyrir alla einstaklinga að finnast þau tilheyra hópi og þar er leikskólinn mikilvægur vettvangur.

Mikilvægt er að tryggja að efni leikskólans geri ráð fyrir fjölbreyttum fjölskyldum barna:

- **Eyðublöð, skráningar, umsóknir:** Best er að skrá forsjáraðila #1 og forsjáraðila #2 (í stað móðir og faðir). Kyn skal skrá á eftirfarandi hátt: karl/kona/kynsegin sbr. lög 80/2019
- **Fréttabréf, auglýsingar, tölvupóstar:** Best er að ávarpa fjölskyldur barna sem fjölskyldur eða foreldra og forsjáraðila. Gott er að temja sér að bjóða **öll** velkomin.
- **Heimasíða:** Best er að nota „fjölskyldur" eða „foreldra og forsjáraðila", „kynin öll" eða „karl,kona,kynsegin" og „öll velkomin" þar sem við á. Gott er að hafa jafnréttisáætlun skólans sýnilega sem og eineltisstefnu og taka fram að leikskólinn sé hinseginvænn.
- **Fundir og fjölskylduþátttaka:** Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að fá þau skilaboð strax í upphafi að litið sé á þau sem mikilvæga samstarfsaðila og starfsfólk ber að leitast við að ná til forsjáraðila allra barna. Það þarf að endurhugsa pabba- og mömmukaffi, bónda- og konudaginn og aðra sambærilega viðburði sem gera ráð fyrir gagnkynhneigðum foreldrum og samböndum. Í staðinn mætti t.d. vera með fjölskyldukaffi.
- **Myndefni:** Gott er að huga að fjölbreytileika í öllu kynningar- og myndefni, þannig að bæði sé verið að sýna fjölbreytta kyntjáningu barna, en einnig gert ráð fyrir ólíkum fjölskylduformum.

Á þessum lista er að finna fjölbreyttar leiðir til að efla samskipti
við foreldra sem deila ekki sama tungumáli og starfsfólk.

Ofbeldi gegn börnum

Allt starfsfólk sem vinnur með börnum þarf að vera meðvitað um mikilvægi fræðslu til að fyrirbyggja ofbeldi gegn börnum. Ein áhrifarík leið til þess er að veita börnum fræðslu sem hæfir aldri þeirra og þroska. Með því að kenna börnum að þekkja eigin líkama, setja mörk og þekkja birtingarmyndir ofbeldis, verða þau betur í stakk búin til að ræða um þessi málefni opinskátt og taka afstöðu gegn ofbeldi.

Það er mikilvægt að börn á leikskólaaldri hafi tækifæri til að ræða þessar áskoranir á opinn og óþvingaðan hátt í öruggu umhverfi. Slíkt stuðlar að aukinni sjálfsöryggi og vernd þeirra.

Verkefnið **Opinskátt um ofbeldi** hefur það að markmiði að auka þekkingu barna á ofbeldi og efla færni þeirra til að tjá sig um það með hugrekki og festu. Verkefnið inniheldur myndir sem virka sem kveikjur að umræðum, leiðbeiningar fyrir starfsfólk og prentanleg veggspjöld til að styðja við samtalið.

Skyldunámskeið Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna

Einkenni ofbeldis

Það getur verið erfitt fyrir börn að tjá sig um kynferðislegt, líkamlegt eða andlegt ofbeldi – og í mörgum tilfellum geta börn verið of hrædd til að segja frá. Því er mikilvægt að þekkja hugsanleg einkenni, þó þau geti verið bæði líkamleg og andleg og í sumum tilfellum ekki sjáanleg.

Algeng einkenni ofbeldis
Ekki er til ein algild mynd sem á við öll börn, en þessi atriði geta verið ábendingar:

- Rispur, bólgur eða blóð í kringum kynfæri – þó þetta sé sjaldgæft, þarf alltaf að taka slíku alvarlega.
- Höfuð- eða magaverkir án sýnilegrar líkamlegrar ástæðu (streitutengd einkenni).
- Breyting á hegðun: feimni, hræðsla, grátköst eða mótþrói.
- Skortur á matarlyst – eða öfugt, ofát.
- Hræðsla við ákveðnar manneskjur eða staði.
- Svefnvandamál, martraðir, svefnleysi eða ótti við myrkur.
- Óvenjulegur kynferðislegur áhugi eða hegðun sem samræmist ekki aldri barnsins.
- Fullkomnunarárátta eða mikill kvíði – getur bent til þess að barn sé að reyna að stjórna aðstæðum sem það ræður ekki við.
- Afturför í þroska – t.d. ef barnið fer aftur að pissa undir eða sýnir hegðun sem það var hætt að sýna.

Mundu: Það eru ekki alltaf sjáanleg merki. Börn sem virðast hress og kát geta líka verið að glíma við afleiðingar ofbeldis.

Hvað á að gera þegar barn segir frá?
Að segja frá ofbeldi krefst mikils kjarks. Barnið hefur oft safnað í sig hugrekki í langan tíma, eða segir frá án þess að ætla sér það sérstaklega. Viðbrögð þín skipta máli, þau hafa áhrif á hvernig barnið vinnur úr reynslunni og hvernig það upplifir sjálft sig í framhaldinu.

Þegar barn opnar sig:

- Trúðu barninu. Gera skal ráð fyrir að barnið segi satt.
- Tilkynntu til Barnaverndar – þetta er lagaleg og siðferðisleg skylda.
- Fullvissaðu barnið um að það hafi gert rétt með því að segja frá.
- Sýndu skilning: „Þetta er ekki þér að kenna."
- Hlustaðu – ekki spyrja forvitnilegra spurninga eða reyna að „rannsaka" málið.
- Staðfestu að þú sért að hlusta: „Ég heyri það sem þú ert að segja."
- Haltu ró þinni og vertu til staðar – viðbrögðin þín geta skipt sköpum.

Markmiðið er ekki að vera með öll svör, heldur að vera öruggur aðili sem börn treysta og vita að þau geti leitað til. Með því að þekkja einkenni og bregðast rétt við, leggjum við grunn að öruggu umhverfi þar sem velferð barna er í forgrunni.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

Anna Árnadóttir. (2016). *Fjölmenningarleg vináttubönd barna á leikskólaldri. Hvað skiptir máli?* Lokaverkefni til BA-prófs í Uppeldis- og menntunarfræði. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Barnaheill. Spurt og svarað. Sótt 13.nóvember 2023. https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/verndarar-barna/spurt-og-svarad.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.

European Agency for Special Needs and Inclusive Education. (2027). Inclusive Early Childhood Education: Literature Review (Flora Bellour, Paul Bartolo og Mary Kyriazopoulou, ritstjórar).

Fríða B. Jónsdóttir og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Gefðu 10.

Friðrik H. Jónsson. *„Eru fordómar til staðar á Íslandi?"* Vísindavefurinn, 15.maí 2002. Sótt 9.nóvember 2023. https://visindavefur.is/svar.php?id=2386.

Guðrún Jóna Þrastardóttir, 2023. Farsælt leikskólastarf án aðgreiningar. Mikilvægi þess að styðja við fullgildi barna. Lokaverkefni til MA-prófs.

Heimurinn er hér. Stefna Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf. (2014).

Heikkila, M. (2020). Gender equality work in preschools and early childhood education settings in the Nordic countries - an empirically based illustration. Palgrave Commun 6, 75.

Hinsegin frá Ö til A. Kynhlutlaus persónufornöfn, https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynhlutlaus-personufornofn-han-he-hin/.

Hoyelos, A., (2013). *The Ethnics in Loris Malaguzzi's Philosophy*.

How to create equitable preschools for all children. (2020). Sótt 15.nóvember af https://www.paperpinecone.com/blog/how-create-equitable-preschool-all-children.

Íris Arnarsdóttir. (2010). *Eru fjöllin blá?*

Jafnréttisstofa. https://www.jafnretti.is/is/vinnumarkadur/samthaetting-kynja-og-jafnrettissjonarmida/hvad-er-kynjasamthaetting.

Jóhanna Birna Gísladóttir og Telma Ýr Friðriksdóttir. (2007). *„Ég á tvær mömmur og engan pabba"*. Hvernig geta leikskólar unnið að fræðslu um ólíkar fjölskyldugerðir? Lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaraháskóla Íslands.

Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: sjónarmið barna og starfsfólks. Tímarit um uppeldi og menntun (29(2) bls. 113-131).

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Leikskóli margbreytileikans. (2017).

Lesið í leik - læsisstefna leikskóla, 2.útgáfa (2017). Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Lög um leikskóla nr.90/2008.

Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr.85/2018.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr.150/2020.

Menntamálastofnun; https://klb.mms.is/klb/a-ferd-um-samfelagid/til-kennarans/hugtok.

Michella Balani. (2020). *Developing empathy in preschoolers: Here's what to know.* Sótt 17.nóvember 2023 af https://www.today.com/parenting-guides/here-s-how-teach-young-children-be-empathetic-t177437.

Neaum, S. (2012). *Language and Literacy for the Early Years.* London: Sage puplication.

Nú skal segja... Þróunarverkefni um jafnrétti kynjanna í leikskólanum Geislabaugi. (2015).

Samtökin ´78, Fjögur ný og hýr tákn, febrúar 2022; https://samtokin78.is/13304-2/.

Sigríður Þorleifsdóttir. (2022). Vinátta í leikskólastarfi: *Rannsókn á vináttu og samskiptum í leikskóla.* Lokaverkefni til B.Ed.-prófs.